

Aðalstjórnarfundur UMFT

19. maí 2008

Mættir á fundinn eru Gunnar Þór Gestsson, Magnús Helgason, Elínborg Svavarsdóttir, Kristjana Jónsdóttir. Gestir fundarins Gunnar Bragi Sveinsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson og María Björk Ingvadóttir.

Dagskrá fundarins :

1. Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar kynna hugmynd um byggingu menningarhúss og stækkun Árskóla.
2. 17. júní hátíðarhöld ? þátttaka UMFT
3. Umræður um tillögu Sveitarstjórnar
4. Búningamál félagsins

Afgreiðslur :

1. Gunnar Bragi Sveinsson og Áskell Heiðar Ásgeirsson kynntu og lögðu fram afstöðumyndir af hugmyndum sveitarstjórnar um uppbyggingu Árskóla og nýs menningarhúss í tengslum við það. Samkvæmt hugmyndum sveitarstjórnar þá er staðsetning þessara bygginga norðan við Árskóla og kemur því til með að skerða núverandi íþróttasvæði í hjarta bæjarins. Kom fram í máli fulltrúa sveitarfélagsins að málið væri á frumstigi og að haft yrði samráð við íþróttahreyfinguna í þessu máli. Óskuðu þeir eftir því að aðalstjórn UMFT sæi um að kynna málið fyrir stjórnnum deilda félagsins.
2. Áskell Heiðar Ásgeirsson fór þess á leit við aðalstjórn UMFT að félagið tæki að sér ákveðin dagskráratriði á 17. júní hátíðarhöldum fyrir Skagafjörð. Stjórnin ákvað að taka þetta að sér og Magnús Helgason tekur að sér verkefnið í samvinnu við deildir félagsins.

Að þessu loknu þökkðu fulltrúar sveitarfélagsins fyrir sig og yfirgáfu fundinn.

3. Stjórnin gluggaði betur í myndir og afstöðuteikningar af menningarhúsi og ræddi þær hugmyndir sem höfðu verið kynntar. Ákveðið að boða til fundar með stjórnnum deilda félagsins til að kynna þeim framkomnar hugmyndir.
4. Rætt um búningamál félagsins. Ákveðið að bíða til haustsins með frekari vinnu og ákvarðanir.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.